

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1109 Ís 47 ehf Önundarfjörður	Fagraholt 3 400 Ísafjörður	Gísli Jón Kristjánsson Stöðvarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	26.10.2023	31.10.2023	5,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 17 skoðunatriða af 21. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 5 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva
	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.7 Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi
	5.1.8 Innra eftirlit vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

#### Niðurstaða eftirlits

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

#### Starfsstöð

Ís 47 ehf Önundarfjörður  
Fagraholt 3  
400 Ísafjörður  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6506033030

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

#### Tengiliðir

Gísli Jón Kristjánsson	8921062	is47@simnet.is	COO
Halldór Gunnlaugsson	6600221	dorig76@gmail.com	Framkvæmdastjóri

2 - Leyfi

---

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 05.05.2023

Í lagi

---

Mælst er til að það sé notaður biomass mælir til að leiðrétta tölur einnig að stemma af fjölda og þyngd fiska í eigin kerfum.

Skráningar á afföllum er verulega ábótavant.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

4.1 - Sjókvíaelði

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.2 Dauðfiskur

Sett inn: 05.05.2023

Í lagi

---

Tryggja að aðili sem tekur við dauðfisk af eldissvæðinu (cat2) hafi til þess tilskilin leyfi.

Dauðfisk þarf að taka úr kvíum daglega nema þegar veður hamlar því.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 27.10.2023

Frávik

**Skipurit var til staðar en ófullnægjandi.**

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 09.12.2020

Frávik

Vantar skráningar.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 26.10.2021

Frávik

---

Vantar að skipa sannprófunarhóp og síðan gera sannprófun.

5.1.7 Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaelði

Sett inn: 13.06.2022

Frávik

**Viðauki VI**

Viðbragðsáætlunvegna viðkomu sníkjudýra.

Rekstrarleyfishafi skal starfa eftir viðbragðsáætlun vegnaviðkomu sníkjudýra í sjókvíaelði. Viðbragðsáætlunin skal fela í sér fyrirbyggjandi eða annars konar aðgerðir sem stuðla að heilbrigði og velferðlagardýra ásamt því að hindra útbreiðslu og útrýma smitsjúkdómum í lagardýrum og minnka smítalag á umhverfi.

Í viðbragðsáætlun skal skilgreina eftirfarandi og viðbrögð rekstrarleyfishafa:

**a. Fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir álag vegna sníkjudýra s.s. með búnaði eða með hreinsifiski.**

**b. Tímabil, tíðni og umfang talningar fyrir hvertsvæði.**

c. Skilgreind mörk á lágmarksfjölda sníkjudýra, eftir árstíma, staðháttum og stærð fisks sem fela í sér þörf á aðgerðum.

d. Áætlun um viðbrögð við lágmarksfjölda sníkjudýraeftir tegund, þroska og áhrifum á eldisfisk. Í áætlun skulu tilgreind einstök skref sem taka mið af mismunandi ástandi.

e. Í áætlun skal tilgreina hvenær rekstrarleyfishafimuni upplýsa Matvælastofnun um viðbrögð, hvenær ósk um meðhöndlun skuli lögð fram og hvað felist í ósk um meðhöndlun þ.m.t. böðun, lyfjablöndun fóðurs eða önnur lyfjagjöf.

f. Jafnframt skal í áætlun tilgreint hvenær slátruner valkostur í viðbragðsáætlun.

g. Í áætlun skal einnig tilgreina skref um samræmdviðbrögð ótengdra rekstrarleyfishafa á eldissvæðum ef þörf er á.

#### 5.1.8 Innra eftirlit vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

Sett inn: 13.06.2022

Frávik

Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðvar skal m.a. fela í sérvöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í viðauka VI og skulu rekstrarleyfishafar sjókvíaeldisstöðvar starfa eftirviðbragðsáætlun sem samþykkt er af Matvælastofnun. Viðbragðsáætlun skal fela í sér aðgerðir vegna viðkomu sníkjudýra í eldinu. Niðurstöður vöktunar skulusendar Matvælastofnun og birtar opinberlega í samræmi við 56. gr.

Viðbragðsáætlun skal auk þeirra atriða sem tiltekin eru í viðauka VI fela í sér aðgerðir fari meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa (með eðaán eggjastrengja) innan viðkomandi svæðis umfram 0,5, 1, 1,5 og 2 á hvern fisk. Viðbragðsáætlun rekstrarleyfishafa skal virkjuð þegar meðaltalsfjöldi kynþroskakvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 0,5 á hvern fisk og skal Matvælastofnun tilkynnt um það. Þegar tilkynning um virkjun viðbragðsáætlunarberst Matvælastofnun skal stofnunin meta hvort ráðstafanir rekstrarleyfishafasamkvæmt viðbragðsáætlun nái þeim árangri sem að sé stefnt eða hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Rekstraraðili skal einnig tilkynna Matvælastofnun þegar meðaltalsfjöldi kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 1, 1,5 og 2 á hvern fisk og þá skal Matvælastofnun meta hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Matvælastofnun skalleita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin.

#### Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva
4.1.2 Dauðfiskur	4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum	4.1.5 Eldissvæði
4.1.6 Hvíld eldissvæða	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi > 20.tonn)	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi > 20.tonn)	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi > 20.tonn)

### Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

### Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

#### LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikíð það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

#### F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

#### A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

#### Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

#### Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratríði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratríði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratríði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

#### Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratríði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratríði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

#### Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis